

AUGLÝSING

168

22. nóv.

um að Strandgata í Hnífsdalskaupúni skuli teljast aðalbraut.

1. gr.

Strandgata í Hnífsdalskaupúni í Norður-Ísafjarðarsýslu skal vera aðalbraut.

2. gr.

Bifreiðar og önnur farartæki, sem koma frá vegum, sem liggja að Strandgötu og ætla inn á hana, skulu skilyrðislaust víkja fyrir umferð aðalbrautarinnar eða staðnæmast áður en haldið er inn á Strandgötu, ef þess er þörf.

3. gr.

Sérstök merki skulu sett upp við hver vegamót inn á Strandgötu. Merkin skulu vera þannig: Spjald úr járnplötu á um eins metra hárrí járnstöng þannig gerð: Spjaldið er réttur ferhyrningur 46.5 cm á hæð og 31.5 cm á breidd, málað gult. Á spjaldið eru máluð með svörtum lit orðin:

Stanz
Aðal-
braut
Stopp

4. gr.

Fyrirmæli þessi, sem sett eru eftir tilmælum hreppsnefndar Eyrarhrepps og heimild í 7. gr. umferðarlaga nr. 24 16. júní 1941, öðlast þegar gildi.

Sýslumaðurinn í Ísafjarðarsýslu, 22. nóvember 1956.

Jóhann Gunnar Ólafsson.

AUGLÝSING

169

4. des.

um breyting á reglugerð nr. 154 16. júní 1953, um verkun og mat á skreið til útflutnings.

Tvær fyrstu málsgreinar 7. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Um allan fisk, sem fluttur er út til manneldis, skal búið í hæfum umbúðum.

Umbúðastriginn sé ofinn úr hampi (jute) eða ekki óstyrkara efni. Lágmarksstyrkleiki strigans skal vera 7½ oz.

Reglugerðarbreyting þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 46 5. apríl 1948, um fiskmat og meðferð, verkun og útflutning á fiski, og öðlast gildi þegar í stað.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 4. desember 1956.

Lúðvík Jósepsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.